

Ársreikningur Landsvirkjunar

Afkoma litast af heimsfaraldrinum

Helstu atriði ársreiknings

- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 138,7 milljónum USD (17,6 ma.kr.), en var 176,0 milljónir USD árið áður og lækkar því um 21,2% milli ára.¹
- Hagnaður ársins var 78,6 milljónir USD (10,0 ma.kr.) en var 114,9 milljónir USD árið áður.
- Rekstrartekjur námu 453,5 milljónum USD (57,6 ma.kr.) og lækka um 56,1 milljón USD (11,0%) frá árinu áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 15,7 milljónir USD (2,0 ma.kr.) milli ára og voru í árslok 1.675,8 milljónir USD (212,8 ma.kr.). Vaxtagjöld lækka um 11,9 milljónir USD (1,5 ma.kr.) milli ára.
- Handbært fé frá rekstri nam 234,1 milljón USD (29,7 ma.kr.) sem er 20,9% lækkun frá árinu áður.

Hörður Arnarson, forstjóri:

„Rekstur og afkoma Landsvirkjunar árið 2020 lituðust óhjákvæmilega af áhrifum heimsfaraldursins, sem hafði mikil áhrif á efnahagslífið á Íslandi og í heiminum öllum. Viðskiptavinir okkar drógu margir úr framleiðslu vegna minnkandi eftirspurnar og lækkandi afurðaverðs, auk þess sem orkuverð lækkaði mjög á mörkuðum, þótt sú þróun hafi að nokkru gengið til baka síðla árs. Hluti raforkusamninga Landsvirkjunar er tengdur álverði og verði á raforku á Nord Pool-markaði.

Árið 2021 byrjar ágætlega, en verð á ál- og Nord Pool mörkuðum hefur hækkað milli ára. Þá var ánægjulegt að fyrr í vikunni undirritaði Landsvirkjun viðauka við raforkusamning við sinn elsta viðskiptavin, Rio Tinto á Íslandi, sem styrkir rekstrargrundvöll álversins á næstu árum og tryggir fyrirsjáanlegt tekjustreymi Landsvirkjunar.

Landsvirkjun er burðarás í íslensku atvinnu- og efnahagslífi. Ábyrgð okkar er mikil og í því ljósi höfum við unnið af festu að því að bæta skuldastöðu fyrirtækisins síðasta áratuginn eða svo. Árangurinn af því starfi gerir okkur nú kleift að standa þétt við bakið á viðskiptavinum okkar með því til dæmis að veita þeim tímabundinn afslátt af rafmagnsverði á síðasta ári og taka þátt í öflugri viðspyrnu fyrir efnahagslífið með því að ráðast í ýmsar framkvæmdir, endurbætur, stafræna þróun og rannsókn- og þróunarverkefni víðs vegar um landið.


Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði, sem er sá mælikvarði sem gefur besta mynd af grunnrekstri fyrirtækisins, lækkaði um 21% milli ára. Þar höfðu mest áhrif minni raforkusala, sértækar aðgerðir fyrir viðskiptavinum og tenging raforkuverðs við álverð og Nord Pool verð. Rekstrartekjur lækkuðu um 11% og handbært fé frá rekstri um 21%. Það er þó ánægjulegt að á sama tíma tókst okkur að halda áfram á þeirri braut að lækka nettó skuldir fyrirtækisins. Þrátt fyrir þennan óróleika í ytra umhverfi fyrirtækisins gekk starfsemin vel á árinu. Rekstur aflstöðva gekk vel. Þótt erfiðleikar steðji að efnahagslífinu nú um sinn eru viðskiptavinir okkar nú að auka framleiðslu sína og einnig blasa við ýmis tækifæri fyrir Landsvirkjun í framtíðinni,

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 127

svo sem í grænni vetnisvinnslu, vistvænum iðngörðum og annarri grænni nýsköpun á borð við Orkídeuverkefnið á Suðurlandi, Bláma á Vestfjörðum og EIM á Norðurlandi. Framtíðin ætti því að vera björt, þótt gefið hafi á bátinn í bili.“


Rekstur

Þróun rekstrartekna




Rekstrartekjur samstæðunnar lækkuðu um 56m. USD milli ára, sem skýrist að stóru leyti af mikilli lækkun á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum. Auk þess dró lítillega úr raforkueftirspurn frá viðskiptavinum fyrirtækisins, enda versnaði rekstrarumhverfi þeirra með minnkandi eftirspurn og lækkandi afurðaverði.

EBITDA og EBITDA hlutfall




Rekstrar- og viðhaldskostnaður lækkar á milli ára og nam rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, 326 m. USD árið 2020 sem er 52 m. USD lægra en árið áður.

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði er sá mælikvarði sem Landsvirkjun horfir til við mat á grunnrekstri fyrirtækisins. Hagnaðurinn nam 139 m. USD árið 2020 sem er 21% lækkun miðað við árið 2019.


Áhrifaþættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði árið 2020




Nettó skuldir halda áfram að lækka

Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 234 m. USD á árinu sem er 62 m. USD lægra en á árinu 2019. Nettó skuldir (vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé fyrirtækisins) lækkuðu um 16 m. USD milli ára. Eiginfjárhlutfall hefur þróast í takt við niðurgreiðslu lána og er nú 51,4%.

Nettó skuldir og eiginfjárhlutfall



Handbært fé nam 92 m. USD í lok árs 2020 sem er um 19 m. USD lækkun frá lok árs 2019. En á sama tíma greiddi Landsvirkjun hæstu arðgreiðslu í sögu fyrirtækisins.



Horfur í rekstri

Eins og flest önnur fyrirtæki stöndum við frammi fyrir áskorunum í þessu erfiða efnahagsástandi sem fylgir COVID-19 faraldrinum. Margir viðskiptavinna Landsvirkjunar finna fyrir þrengingum á mörkuðum fyrir þeirra afurðir. Á sama tíma erum við þó í sterkri stöðu til að stíga ölduna, eins og sést á þeim mörgu viðspyrnuaðgerðum í atvinnu- og efnahagsmálum sem við höfum kynnt og ráðist í, auk þess sem við höfum haft bolmagn til þess að bjóða viðskiptavinum á stórnotendamarkaði tímabundin afsláttarkjör. Á tímum COVID-19 munum við halda áfram að leggja áherslu á að tryggja örugga orkuvinnslu í aflstöðvum og afhendingu rafmagns til viðskiptavina, samhliða því að tryggja heilsu og öryggi starfsfólks.

Reykjavík, 18. febrúar 2021

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

s. 515 9000

Um ársreikninginn

Ársreikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

Helstu stærðir ársreiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	2020	2019	2018	2017	2016
Rekstur					
Rekstrartekjur	448.276	499.547	538.455	491.175	415.480
Innleystar áhættuvarnir	5.262	10.047	(4.534)	(8.098)	4.890
Rekstrartekjur samtals	453.538	509.594	533.921	483.077	420.370
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	(127.214)	(131.106)	(144.041)	(137.503)	(118.630)
EBITDA	326.324	378.488	389.880	345.574	301.740
Afskriftir og virðisryrnun	(128.967)	(134.779)	(125.448)	(127.086)	(118.571)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	197.357	243.709	264.432	218.488	183.169
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(58.651)	(67.681)	(80.178)	(64.844)	(60.045)
Áhrif hlutdeildarféлага	(12)	(27)	(179)	(228)	(5.448)
Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði	138.694	176.001	184.075	153.416	117.676
Óinnleystir fjármagnsliðir:					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	970	(1.323)	(49.410)	84.494	21.164
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða	(12.726)	(8.011)	24.878	(12.990)	(1.269)
Óinnleystur gjaldeyrismunur	(8.189)	8.290	21.014	(60.745)	(23.314)
	(19.945)	(1.044)	(3.518)	10.759	(3.419)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	118.749	174.957	180.557	164.175	114.257
Tekjuskattur	(40.131)	(60.079)	(59.528)	(56.211)	(47.437)
Hagnaður	78.618	114.878	121.029	107.964	66.820
Efnahagur					
Eignir samtals	4.348.344	4.381.633	4.451.081	4.506.392	4.332.864
Eigið fé samtals	2.235.135	2.235.399	2.163.056	2.063.112	1.969.088
Skuldir samtals	2.113.209	2.146.234	2.288.025	2.443.280	2.363.776
Nettó skuldir	1.675.804	1.691.462	1.884.603	2.042.642	1.960.497
Lykiltölur					
Handbært fé frá rekstri	234.084	295.764	295.761	277.937	229.827
Fjárfestingar	(111.550)	(82.420)	(150.864)	(253.740)	(172.277)
Fjármögnun	(142.399)	(218.261)	(151.876)	(45.282)	(59.305)
Lausafé og óáðregin lán alls	371.963	290.487	469.433	547.907	616.982
Eiginfjárhlutfall	51,4%	51,0%	48,6%	45,8%	45,4%
Arðsemi eiginfjár	3,5%	5,3%	5,9%	5,5%	3,5%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld)	5,66x	5,55x	4,76x	5,53x	5,15x
Nettó skuldir / EBITDA	5,14x	4,47x	4,83x	5,91x	6,50x

Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafli, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.